

## Fundur í nemendaráði 18. maí kl. 11:10

Mættir: Erna, Ronja, Anton, Ísabella, Alda, Arnþór, Aldís og Oddur

- Ekki var hægt að funda meðan á takmörkuðu skólastarfi stóð vegna aðgerða stjórnvalda til að hefta útbreyðslu Covid\_19.
- Umræður um nám í takmörkuð skólastarfi og sóttkví.
- Ráðinu finnst fjölbreytni hafa aukist í grænmeti og ávöxtum en eru þó sammála um að enn eigi eftir að prófa mangó, ananas, baby gulrætur og jarðarber.
- Unglingar ánægðir með skíðaferð ársins sem farin var á vorönn. Ráðið sammála um að hafa skíðaferð árlega í unglingsdeild.
- Vantar enn skóhorn í smíðastofu.
- Skólastjóri kynnti tillögu að breyttu tímaskipulagi í Heiðarskóla skólaárið 2020 – 2021. Tillagan er lögð fram sem tilraunaverkefni til eins árs. **Nemendaráð samþykkti tilraunaverkefnið til eins árs skólaárið 2020 - 2021.** Eftirfarandi kom fram í umræðum um tillöguna; sumum fannst mikilvægt að stigin fengju að hittast í útinámstíma meðan öðrum fannst kostur að stigin væru aðgreind. Hægt að hafa hvorutveggja í boði. Ráðið var sammála um að kostur væri að stigin fengju matsalinn út af fyrir sig í matmálstímum. Nemendum fannst einnig spennandi að hafa skólabjöllulausan skóla þar sem áherslan er á að klára verkefni. Einnig kostur að fara fyrr heim, meira eftir af deginum til annarra verka.
- Nýtt Krakkakot komið á skólalóðina. Hvað vantar af leikföngum fyrir haustið? Fótbolta, körfubolta, skóflur, fötur, vorubíla, gröfur, teygjutvist.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11:50

## Fundur í nemendaráði 20. janúar 2020 kl. 8:20

Mættir: Erna, Ísabella, Anton, Ólafur, Arnþór, Ronja, Aldís, Oddur og Alda.

- Ályktun ungmennaráðs Hvalfjarðarsveitar um aukna fjölbreytni í grænmeti og ávöxtum í Heiðarskóla, ráðið óskar eftir papriku, jarðarberjum, grænum eplum, ananas, mangó og baby gulrótum.
- Ályktun ungmennaráðs Hvalfjarðarsveitar um vegasalt á skólalóð Heiðarskóla. Málið er í skoðun en það virðist ekki vera auðvelt að finna vegasalt.
- Óskað eftir framboði fulltrúa í Ungmennaráð Hvalfjarðarsveitar. Ronja Rán Pálsdóttir bauð sig fram.
- Félagsrými unglunga, umgengni er betri en ekki fullkomin.

- Tvær tillögur að skóladagatali 2020 – 2021 lagðar fram. Umræður, nemendaráð mælir með tillögu 2.
- Skíðaferð unglunga, umræður, unglingar vilja fara í skíðaferð. Skólastjóri skoðar verð og dagsetningu.
- Önnur mál: Vantar skóhorn í smíðastofu og íslenskar orðabækur á miðstig.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 8:40.

## **Fundur í nemendaráði 9. desember 2019**

Mættir: Ísabella, Erna, Anton, Ólafur, Ronja, Alda, Aldís og Oddur.

- Reglur sem samdar voru af nemendaráði 25. nóvember fyrir félagsrými unglunga hafa reynst vel. Umgengni og meðferð áhalda hefur lagast til muna.
- Nemendaráð segir ganga betur á fótboltavellinum eftir að sáttmáli var gerður um völlinn. Samþykkt að hann gildi áfram óbreyttur í vetur.
- Lyklamál ganga betur en unglingar vilja fá læsta skápa. Skólastjóri skoðar það á nýju ári.
- Á fundi nemendaráðs í september var m.a. rætt um að auka framboð á ávöxtum og grænmeti í mötuneyti Heiðarskóla. Umræður, hefur aðeins verið bætt við.
- Klukkan komnar upp í búningaklefum í Heiðarborg. Reynum að samstillta klukkan í Heiðarskóla við skólaljöllu eins og hægt er.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 8:55.

## **Fundur í nemendaráði 25. nóvember 2019**

Mættir: Ísabella, Erna, Anton, Ólafur, Ronja og Alda.

Nemendur í 8. – 10. bekk mættu á fundinn.

Eitt mál á dagskrá: Reglur í félagsrými unglunga. Eftirfarandi reglur voru samdar og samþykktar af öllum fundarmönnum.

### **Félagsrými unglunga**

**Reglur:**

- Félagsrými er aðeins fyrir nemendur í 8. – 10. bekk á skólatíma.
- Í félagsrými þurfa nemendur að sýna ábyrgð og ganga vel um.
- Nemendur mega nýta aðstöðu í félagsrými í frímínútum.
- Nemendur mega nýta aðstöðu í félagsrými þar fyrir utan með leyfi kennara t.d. í frjálsum tímum.
- Það á að ganga frá eftir sig.
- Það á að mæta á réttum tíma í kennslustundir.
- Það á að halda ró sinni í leikjum í félagsrými.
- Við hjálpumst að við að hafa félagsrýmið snyrtilegt.

### **Viðurlög:**

Í borðtennis:

- Ef kúla er brotin viljandi eða með óábyrgri notkun – viðkomandi fer í bann í borðtennis það sem eftir er dagsins.
- Ef spaði er eyðilagður á einhvern hátt – viðkomandi fer í bann í borðtennis í viku.
- Ef spaða er neglt í borðið – viðkomandi fer í bann í borðtennis í sólarhring.

Annað:

- Ef nemandi gengur ekki frá eftir sig – viðkomandi þarf að ganga frá fyrir alla í lok dags í félagsrýminu.

### **Samið og samþykkt af Nemendaráði Heiðarskóla**

**26. nóvember 2019**

## **Fundur í nemendaráði 28. október kl. 8:20**

Mættir: Anton, Ólafur, Ronja, Arnþór, Oddur, Aldís, Alda, Ísabella, Erna, Sigga Lára, Árdís, og Helga Harðar.

Eitt mál á dagskrá – sáttmáli um sparkvöll.

Sparkvöllur Heiðarskóla

Sáttmáli

- Við spilum fótbolta á fótboltavellinum, má þó fara í HM eða BENNÓ ef nemendur eru færri en 10.

- Allir nemendur skólans mega spila fótbolta í morgunfrímínútum.
- Nemendur á mið- og unglíngastigi mega spila fótbolta í 11 frímínútum.
- Nemendur á yngsta stigi mega spila fótbolta í hádegisfrímínútum.
- Við förum með jákvæðu hugarfari inn á völinn.
- Við skiptum í sanngjörn aldursblönduð lið.
- Við förumst tudd og leiðindi og förum út af vellinum ef við brjótum alvarlega á öðrum.
- Leikurinn hættir um leið og bjallan hringir.
- Við förum inn með boltann.

Sáttmálinn samþykktur til reynslu fram að næsta fundi.

Fundi slitið kl. 8:50

## Fundur í nemendaráði 30. september 2019

Mættir: Oddur – 5. bekk, Aldís – 6. bekk, Arnþór – 7. bekk, Ólafur og Alda – 8. bekk, Anton og Ísabella – 9. bekk, Erna og Ronja – 10. bekk.

- Nýir fulltrúara nemendaráðs boðnir velkomnir.
- Kynning á hlutverki nemendaráðs; Standa vörðu um félags-, hagsmuna og velferðarmál nemenda í skólanum.
- Samvinna við félagsmiðstöðina rædd, ráðið væri til í að fá kynningu frá félagsmiðstöðinni inn á fund.
- Lyklamál, borið hefur á því að lykklar sem geymdir eru í skápum eru að hverfa. Umræður um að skapa menningu þar sem samnemendur sýna skólafélögum þá virðingu að láta annarra manna hluti í friði. Skoðum þetta aftur á næsta fundi, ef málið hefur ekki lagast verða settar strangari reglur í unglíngadeild varðandi drykkjar-, salernis og pásuferðir úr tímum. Þar fyrir utan eru læsingar og lykklar orðin lúin og kominn tími til að endurnýja. Skólastjóri skoðar þau mál.
- Umræður um að stytta föstudaga í skólanum. Málið rætt en ekki talin ástæða til að gera neitt í málinu.
- Fótboltavöllur, umræður um að hafa ákveðna daga fyrir yngsta stig og aðra daga fyrir mið- og unglíngastig. Ákveðið að fresta umræðum til næsta fundar.
- Vandamál með bolta og leikföng, sumt fer með læknum og týnist þannig og stundum eru nemendur ekki að ganga frá því sem þeir eru að nota. Ákveðið að nemendaráð fari í alla námshópa og hvetji nemendur til að fara vel með það sem við eigum og ganga frá á rétta staði.

- Ýmsar óskir frá miðstigi; fá fleiri rólur og körfurólu á skólalóðina, vegasalt fyrir yngri krakka, meira af ávöxtum og grænmeti með matnum. Sitt sýnist hverjum, umræður í ráðinu um að sumum finnst of mikið af grænmeti með matnum. Talið ólíklegt að fá tæki á skólalóð nema farið yrði í alls herjar endurskipulagningu á skólalóðinni.
- Klukkur, setja þarf upp klukkur í búningsklefum sem útskriftarárgangur 2019 gaf skólanum á skólastlitum. Endurstilla þarf klukkur sem ganga rangt.

Fundi slitið